

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 136/1975. **Ákærvaldið**

gegn

Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr
og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. september 1975, er barst Hæstarétti 25. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur.

Pegar litið er til kæruefna á hendur varnaraðilja fyrir refsiverð brot, sem nú sæta rannsókn, svo og til þess, sem í ljós er leitt um atvinnuhagi hans og brotaferil, þykir rétt með vísan til þeirra ákvæða laga nr. 74/1974, er greinir í úrskurði héraðsdómara, að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. september 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 23. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Síðastliðið laugardagskvöld kom Geir Gunnlaugsson, Hörgshlíð 28, heim til sín um klukkan 2130. Er hann kom í íbúð sína, sátu þar inni þrír ókunnugir menn. Er menn þessir urðu varir við komu hans, tóku þeir til fótanna og hlupu út í myrkrið. Í íbúðinni var búið að róta mikið í flestöllum hirslum, og hafði verið stolið þar u. þ. b. 3.000 krónum. Geir hefur skoðað mynda-

safn rannsóknarlögreglunnar. Hann tók þar út mynd nr. 1372 og taldi, að sá, sem á þeirri mynd er, líktist mjög einum þeirra manna, sem inni í íbúð hans sátu síðastliðið laugardagskvöld. Mynd þessi er af Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni, Framnesvegi 18 hér í borg.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson hefur í dag hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi neitað að hafa verið þátttakandi í umræddu innbroti. Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þarf meðal annars að fara fram sakbending.

Brot það, sem Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er grunaður um, varðar við XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Kærði hefur margoft verið dæmdur fyrir brot á þessum kafla almennra hegningarlaga, og getur því brot það, sem hann er nú grunaður um, varðað hann fangelsisrefsingu. Þykir því skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald fullnægt.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er vanaafbrotamaður. Hann hefur hlotið 8 refsidóma, samtals fangelsi í 43 mánuði, og hefur hann afplánað dómana að fullu. Hjá ríkissaksóknara eru nú til meðferðar 5 mál, þar sem Óskar Elías er kærður fyrir auðgunarbrot. Hjá rannsóknarlögreglu eru nú til meðferðar 4 kærur á Óskar Elías fyrir auðgunarbrot. Dómaranum er kunnugt um það, að í nótt var Óskar Elías handtekinn á innbrotsstað í Kópavogs-apóteki, og er það mál til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi. Auk þess, er að framan er talið, eru til rannsóknar hjá lögreglunni í Árnessýslu tvö innbrot, sem kærði framdi.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson hefur ekki unnið síðastliðna 6 mánuði, aðallega vegna drykkjuskapar.

Nauðsyn þykir með vísan til 1., 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, að Óskar Elías Héðinn verði nú úrskurðaður í gæsluvarðhald, þar sem telja verður verulega hættu á, að hann haldi áfram brotum, ef hann gengur laus, auk þess sem telja má, að hann hafi ekki möguleika á að hafa ofan af fyrir sér löglega, þar sem hann ekki stundar neina vinnu. Nauðsynlegt er nú, að brotaferill hans verði stöðvaður, á meðan meðferð mála hans fyrir dómstólum stendur yfir. Með hliðsjón af framansögðu ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 90 dögum.